

Sent til Mbl.is: 30.12.2018
Birt í Mbl: 14.1.2019
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Orkuvinnsla og auðlindagjald

Skilgreining á því hvað teljast náttúruauðlindir var sett fram í skýrslu Auðlindastefnunefndar 2000 og endurtekin í skýrslu Auðlindastefnunefndar 2012. „Auðlind er þannig þau gæði sem efnahagslegur hagur er af að nýta þannig að nýting skili meiri arði (auði) en sem nemur kostnaði við nýtinguna. Þau náttúrugæði sem efnahagslega er hagkvæmt að nýta teljast þá til náttúruauðlinda.“ Nýrri skilgreining á náttúruauðlindum er hins vegar sú að þær séu einfaldlega: „Uppspretta hverra þeirra aðfanga/gæða í náttúrunni sem nýtist mannum (svo sem timbur, orka, fiskur, hreint loft, o.fl.).“

Þetta er nú frekar óljóst.

Gera þarf greinarmun annars vegar á takmarkaðri auðlind þar sem nýting hefur áhrif á endingu, t.d. olíuvinnslu og fiskveiðar, og hins vegar á endurnýjanlegri auðlind þar sem nýting hefur ekki áhrif á auðlindina, t.d. vatns- og jarðvarmaorku. Vegna gríðarlegrar stærðar jarðhitageymis í iðrum jarðar er jarðvarmi jafnan talinn endurnýjanleg auðlind.

Veiðigjöld útgerða, sem farið er að praktisera hér á landi við blendnar undirtektir, eru vísir að ráðstöfun stjórnvalda til að innheimta auðlindagjöld, en fiskistofnar eru takmörkuð auðlind. Veiðigjöldin ættu því að geta haft þau áhrif að takmarka aðgang í fiskistofna og með þannig inngripi er talið þau gætu orðið þáttur í að stjórna stærð fiskistofna.

Hér á eftir er fjallað um einstakar orkuauðlindir og hugsanlega skattlagningu þeirra í formi auðlindagjalds.

Olíuvinnsla

Olía er takmörkuð auðlind. Ef upptaka olíu minnkar þá endist borhola lengur. Auðlindastýring gæti farið fram í borholum.

Eftir upptöku á hráolíu úr borholu er olían hreinsuð, síðan vistuð í olúgeymum til notkunar þegar þörf krefur.

Auðlindagjald er lagt á olíuvinnslu, en gjaldið er fyrir óendurkræfa upptöku olíu og er á valdi vinnsluaðila að ákveða nýtingartíma hvern borholu.

Í olúgeymum fer fram birgðastýring, en birgðastaðan ræður miklu um olíuverð á hverjum tíma.

Vatnsorka

Við virkjun vatnsorku eru gerðar veitur og vatnsmiðlanir, þaðan sem vatn er sótt til virkjunar eftir því sem þörf krefur.

Vatn er sjálfrennandi á upptökustað en það hægir ekki á sér þó vatnstaka vegna virkjunar minnkar. Umframvatn rennur þá bara framhjá. Við getum ekki skrúfað fyrir vatn á upptökustað eins og hægt er að gera við olíuvinnslu.

Í vatnsmiðlunum fer fram birgðastýring á vatni. Mikilvægasti þátturinn er árstíðageymslan þar sem sumarvatn er geymt til notkunar á komandi vetri og fram á næsta vor eða þar til sumarflóð hefst að nýju.

Eins og fyrir olíuvinnslu, þá ræður staða miðlana mestu um vinnslukostnað vatnsorku á hverjum tíma.

Á Íslandi hefur svonefnt vatnsgildi verið notað til að verðmeta vatn í miðlunum, en það er reiknistærð sem er háð árstíma og stöðu miðlunar. Eining á vatnsgildi gæti verið USD/MWh.

Auðlindagjald breytir engu um rekstur vatnsaflvirkjana og er því um að ræða hreina skattlagningu óháð nýtingu auðlindarinnar. Auðlindagjald vegna vatnsaflvirkjana gæti meðal annars farið í að greiða fyrir röskun á náttúruverðmætum vegna byggingu veitna, miðlana og annarra virkjunarmannvirkja. Að öðru leyti gæti auðlindagjaldi alveg eins verið fyrir komið sem hluta af hinu almenna tekjuskattskerfi.

Nánast allar vatnsaflvirkjanir eru í eigu ríkis og sveitarfélaga og með auðlindagjaldi eða öðrum skattalegum ráðstöfunum væri hið opinbera að skattleggja sig sjálft með millifærslum sem kannski væru óþarfar. Viðamikil skattlagning á rekstri vatnsorkuvera í einkaeigu kynni að hindra nýliðun í greininni.

Í því sambandi má nefna nýframkomið frumvarp um Þjóðarsjóð en þar eru ákvæði um stórkostlega fjármagnsflutninga frá vatnsorkukerfi Landsvirkjunar yfir í fjárfestingarsjóð í eigu ríkisins. Vandséð er hvernig hægt verði að koma fyrir bæði auðlindagjaldi á Landsvirkjun og framlagsskyldu þeirra í Þjóðarsjóð. Manni dettur í hug öfugmælið að slá sömu fluguna með tveimur höggum.

Um vatnsaflvirkjanir gildir að virkjunaraðili þarf, óháð auðlindagjaldi, að ná samkomulagi við umráðahafa vatnsréttinda á svæðinu um endurgjald fyrir auðlindina. Ósjaldan er virkjunarsvæði í eigu virkjunaraðila.

Auðlindastýring á vatnsaflum hefur að undanförunni verið í umræðunni um Þriðja orkupakkann, en ekki er ljóst hvað átt er við þegar því er haldið fram að Landsvirkjun sé eini aðilinn sem er fær um að annast þau mál. Það er að mínu mati vafasöm staðhæfing.

Jarðvarmi

Með virkjun á jarðvarma eru boraðar djúpar háhitaholur, sem síðan eru láttnar blása áður en tengt er við jarðvarmavirkjun.

Gufugeymir er ekki fyrir hendi á leið háhita frá borholu til virkjunar og ef vinnsla í virkjun er minnkuð eða stöðvuð þá er holan oftast látin blása framhjá á meðan, út í loftið.

Talið er æskilegt að breyta vinnslu jarðvarmavirkjana sem minnst og starfa þær að jafnaði allt árið á þeim afköstum sem tiltækar borholur bjóða upp á hverju sinni.

Auðlindagjald á jarðvarmavirkjanir breytir því engu um rekstur þeirra og fengi þess vegna sama sess og hjá vatnsaflvirkjunum, samanber það sem rætt er um hér að framan.